

## GJALDSKRÁ

### **Sjúkratrygginga Íslands fyrir tæknifrjóvgun sem ekki hefur verið samið um.**

#### 1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tæknifrjóvgunar samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 1239/2018 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

#### 2. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands reiknast út frá eftirfarandi gjaldskrá (heildarverð):

<i>Gjaldskrárnr.</i>	<i>Heiti læknisverks</i>	<i>Krónur</i>
57-061-09	Glasafrjóvgun (ICSI/IVF)	480.000
57-060-09	Eggheimta fyrir konur með yfirvofandi ófrjósemisvanda, geymslugjald greitt árlega	384.000
57-062-02	Ástunga á eista (PESA/TESA)	85.000
57-062-03	Frysting sáðfruma	25.000
57-062-04	Geymslugjald á ári á frystum eggjum/sáðfrumum/fósturvísum	25.000

Ef verð þjónustunnar er lægra en gjaldskrá þessi kveður á um skal endurgreiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

Ef ekki er unnt að ljúka meðferð, sem hafin er, greiða Sjúkratryggingar Íslands 20% af heildarverði meðferðarinnar, sbr. ofangreinda gjaldskrá.

Innifalið í meðferð skv. ofangreindum gjaldskrárliðum teljast eftir því sem við á skoðanir og viðtöl sérfraðinga, mælingar á β-HCG og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, þó ekki örvinarlyf eggjastokka.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 1239/2018, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. síðari breytingar, öðlast þegar gildi og tekur til þjónustu sem veitt er frá 1. janúar 2019 og er gildistími sá sami og kveðið er um í reglugerð nr. 1239/2018.

*Sjúkratryggingum Íslands, 20. desember 2018.*

**María Heimisdóttir.**

*Katrín E. Hjörleifsdóttir.*